

KEILIR, MIÐSTÖÐ VÍSINDA, FRÆÐA OG ATVINNULÍFS

Ný tækifæri verða til





Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs var stofnaður vorið 2007. Skólinn hefur aðsetur á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins í Reykjanesbæ. Keilir byggist upp á fjórum mismunandi skólum auk Háskólabrúar þar sem undirbúningsnám fyrir háskólanám fer fram. Skólarnir eru Heilsu- og uppeldisskóli, Orku- og tækniskóli, Samgöngu- og öryggisskóli og Skóli skapandi greina. Hver þeirra hefur sínar áherslur í samræmi við markmið Keilis; að byggja á mikilvægi alþjóðaflugvallar og umhverfisvænum auðlindum en jafnframt að nýta þá þekkingu sem er til staðar í nærumhverfinu. Keilir er hlutafélag, meðal eigenda eru Háskóli Íslands, rannsóknarstofnanir, orku- og fjármálafyrirtæki, sveitarfélög, almenningsamtök og verkalýðsfélög.

Heilsu- og uppeldisskóli

Heilsu- og uppeldisskóli Keilis leggur áherslu á að þróa og bjóða upp á framúrskarandi nám á sviði heilsu, heilbrigðis, íþrótta- og uppeldisfræða. Nú þegar er kennd við skólann ÍAK einkaþjálfun og leikskólabrú fyrir ófaglærða starfsmenn leikskóla. Aðstaða nemenda til náms og þjálfunar er afar góð en kennsla fer fram í Íþróttakademíu Keilis sem er nýtt kennslu- og íþróttahús.

Orku- og tækniskóli

Orku- og tækniskóli Keilis býður upp á þverfaglegt nám í orkutæknifræði og mekatróník tæknifræði (e. mechatronics) í samstarfi við verkfræðideild Háskóla Íslands. Áhersla er lögð á að mennta sjálfstæða nemendur sem búa yfir mikilli greiningarhæfni, verkþekkingu og færni til að skapa og þróa nýjar tæknilausnir. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur skólans verði eftirsóttir starfskraftar fyrir íslenskan og erlendan orku- og tækniíðnað. Verklegar æfingar og rannsóknir nemenda fara fram í fyrsta flokks tilrauna- og rannsóknaraðstöðu í orkufræðum hjá Orku- og tækniskóla Keilis.

Samgöngu- og öryggisskóli

Samgöngu- og öryggisskóli, skiptist í Flugakademíu og Öryggisakademíu. Flugakademía Keilis býður upp á fjölbreytt nám í flugtengdum greinum svo sem einka- og atvinnuflugnám, flugrekstrarnám, flugþjónustunám og nám í flugumferðarstjórn. Í Öryggisakademíu er boðið upp á sjúkraflutninganám og ýmis námskeið, einnig er unnið að þróun náms í öryggisþáttum í víðustu merkingu þess orðs. Lögð er áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennsluumhverfi en staðsetning skólans felur í sér einstakt tækifæri til þess að skapa frábæra aðstöðu, bæði til kennslu flugtengdra greina og öryggisfræða.



Skóli skapandi greina

Skóli skapandi greina tengir saman listgreinar og nýsköpun í suðupotti skapandi greina (creative industries). Markmiðið er að mennta og útskrifa nemendur sem nýta sköpunaraflíð til framþróunar samfélagsins. Skapandi greinar eru þær atvinnugreinar sem eru upprunnar í sköpunargáfu einstaklingsins en bera í sér möguleikann til tekju- og atvinnusköpunar með framleiðslu og hagnýtingu hugverka hverskonar. Hjá skóla skapandi greina er boðið upp á nám í viðskiptalist og frumkvöðlanám í samstarfi við verkfræðideild Háskóla Íslands.

Háskólabrú

Háskólabrú Keilis er samstarfsverkefni Keilis og Háskóla Íslands og býður deildin upp á aðfararnám á vegum HÍ fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. Að loknu námi uppfylla nemendur almenn inntökuskilyrði flestra innlendra háskóla og telst námið almennt sambærilegt stúdentsprófi samkvæmt samningi Keilis, HÍ og menntamálaráðuneytisins. Markmiðið með náminu er að nemendur verði vel undirbúnir undir krefjandi háskólanám bæði hérlendis og erlendis.

„Frumkvöðlanám Keilis hittir að mínu mati beint í mark. Hnitmiðað námsefni og framsetning þess er ómetanleg viðbót fyrir mig og gott nesti inni framtíð mína. Ótrúlegt samansafn úrvals kennara og fagfólks í öllum kennslugreinum, ásamt starfsfólki skólans gerir námið mjög skilvirkt fyrir mig. Frumkvöðlanám Keilis er einfaldlega það flottasta sem ég hef tekið mér fyrir hendur í mörg ár.“

Albert Sigurðsson, skipstjóri, framkvæmdastjóri og frumkvöðlanemi



„Ég flutti frá Danmörku til Íslands í haust þar sem maðurinn minn stundaði nám. Það besta í stöðunni var að flytja á Vallarheiði þar sem ég hafði selt húsið áður en ég flutti til út. Á Vallarheiði er mjög gott að búa, rólegt og mjög barnvænt. Í Danmörku hóf ég fjarnám á Háskólabrú. Mér líkar mjög vel við námið og er með frábæru fólki sem ég vona að eigi eftir að halda hópinn í framtíðinni.“

Inga Ósk Ólafsdóttir, íbúi á Vallarheiði





Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf Keilis veitir nemendum stuðning á meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, upplýsingagjöf um námsleiðir og störf ásamt því að efla sjálfsþekkingu nemenda.



„Fyrir mig hefur frumkvöðlanamið opnað gáttir inn í framtíð sem ég hreinlega vissi ekki að biði mín. Mér finnst mér allir vegir færir og að það sé ekkert sem ég ekki get gert! Frumkvöðlanám er frábært, ég mæli svo sannarlega með því!“

Hulda Sveinsdóttir, frumvöðlanemi

Bókasafn

Á bókasafni Keilis er veitt persónuleg og fagleg upplýsingaþjónusta. Safnkosturinn er sérhæfður og miðar að því að styðja það nám sem boðið er upp á við skólann. Bókasafn Keilis starfar í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar þar sem nemendur fá fullan aðgang að safnkosti og þjónustu sér að kostnaðarlausu.

Námsumhverfið

Kennsla fer fram á þremur stöðum í Reykjanesbæ, þ.e. í aðalbyggingunni við Keilisbraut, í Eldey frumkvöðla og orkusetri á Grænásbraut og í Íþróttakademiunni við Menntaveg. Verklegar æfingar og rannsóknir nemenda fara fram í fyrsta flokks tilrauna- og rannsóknaraðstöðu í orkufræðum hjá Orku- og tækniskólanum.

Lesaðstaða

Í Eldey eru sérstök hópinnuherbergi og eru stærrí rými sérstaklega ætluð til lesturs og verkefnavinnu. Nemendur hafa aðgang að Eldey hvenær sem er með lykilkortum. Góð lesaðstaða er einnig fyrir hendi á bókasafninu, í aðalbyggingunni og í Íþróttakademiunni.



Fjarnám

Hjá Keili er mikið lagt upp úr gæðum fjarnáms. Allir fyrirlestrar eru teknir upp og settir inn á kennslukerfið þar sem nemendur hafa aðgang að þeim og geta horft á þá hvenær sem er og eins oft og þeir vilja. Í upphafi hverrar námsgreinar mæta nemendur í staðlotu/vinnuhelgi sem stendur yfirleitt yfir frá föstudegi til laugardags, eftir það eru nemendur í sambandi við kennara og samnemendur í gegnum kennslukerfi sem skólinn notar. Í staðlotum stendur nemendum til boða að leigja herbergi á Keili Campus hóteli á hagstæðu verði.

Eldey

Eldey er 3.300 m² frumkvöðla- og orkusetur staðsett við Grænásbraut 506 í þekkingarþorpinu. Eldey er samstarfsverkefni Keilis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Háskóla Íslands og Þróunarfélags Keflavíkurflugvalla. Markmiðið er að skapa frumkvöðlum þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim faglega þjónustu. Í Eldey fer fram kennsla á vegum Keilis ásamt því að frumkvöðlar og sprotafyrirtæki á vegum IMPRU og NMÍ hafa þar starfsaðstöðu.

„Eftir að mér var sagt upp starfi ákvað ég að nýta tækifærið og fara í skóla. Ég átti eftir að klára stúdentinn og því fannst mér Háskólabró Keilis vera kjörið tækifæri fyrir mig þar sem námið er stutt, hnitmiðað og finn undirbúningur fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi. Og sé ég alls ekki eftir því, því það stendur svo sannarlega undir væntingum og get ég hiklaust mælt með því.“

***Oddný Nanna Stefánsdóttir,
nemandi á Háskólabró***





Bekkingarþorpið á Vallarheiði

Ýmis konar starfsemi svo sem sprotafyrirtæki í Eldey, Próunarfélag Keflavíkurflugvallar, Virkjun, gagnaver Verne og Keilir myndar í sameiningu hið vaxandi þekkingarþorp á Vallarheiði. Þar standa námsmönnum til boða glæsilegar og rúmgóðar íbúðir. Íbúðirnar eru frá 36 m² upp í 190m² að stærð og henta því stórum og smáum fjölskyldum jafnt sem einstaklingum. Fjölskylduíbúðirnar eru í mjög barnvænu umhverfi, þær eru einstaklega rúmgóðar, bjartar og skemmtilegar með þvottaherbergi, góðum skápum, geymslu og hjólageymslu. Einstaklings- og paraíbúðir eru ýmist með eldhúsaðstöðu inni í íbúð eða í sameign, gott skáapláss er í íbúðum. Í sameign eru líkamsræktartæki, sameiginleg þvottaaðstaða og samveruherbergi.

Nettenging og áætlunarferðir með Reykjanes express milli Vallarheiðar og Reykjanesbæjar er innifalið í leiguverði fyrir íbúa svæðisins. Strætóferðir innan Reykjanesbæjar eru fríar. Á heimasíðu Keilis er að finna allar upplýsingar um verð, stærð, staðsetningu og búnað stúdentaíbúðanna en þar er jafnframt hægt að sækja um.

Svæðið

Vallarheiði er hluti af Reykjanesbæ og njóta íbúar því allrar þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á. Hverfið er mjög fjölskylduvænt og skapar þannig góðar aðstæður fyrir ungt fjölskyldufólk í námi. Á svæðinu er íþróttahús með líkamsræktarstöð, tveir leikskólar, grunnskóli, dagforeldrar, veitingastaður, kaffihús og bar, hárgreiðslustofa, matvöru og ritfangaverslun. Góð aðstaða er til útivistar, leiktæki fyrir börnin, sleðabrekkur, opin grillsvæði. Stutt er í verslanir, þjónustu, íþróttir og tómstundir fyrir börn og fullorðna. Í Reykjanesbæ er frítt í sund fyrir börn til 16 ára aldurs. Stutt er í helstu náttúruperlur Reykjanes, t.d. Bláa lónið, Garðskaga, Sandvík o.fl., ásamt skemmtilegum gönguleiðum fyrir alla fjölskylduna. Tvöföld Reykjanesbraut gerir allar samgöngur við höfuðborgarsvæðið auðveldar og aðeins er um 20 mín. akstur frá Vallarheiði í Hafnarfjörð.



Félagslíf

Tindur nemendafélag sér um skipulagningu félagslífs nemenda. Á vegum félagsins eru haldnir margvíslegir viðburðir yfir veturinn má þar m.a. nefna árshátíð, jólahlaðborð og björkvöld. Á svæðinu eru einnig reglulega skemmtilegir viðburðir sem vert er að fylgjast með, t.d. Ljósanótt, böll í gamla Officera klúbbnum, pub quiz á Paddy's ofl.

„Ástæða þess að ég ákvað að fara í nám við háskólabrú Keilis er að mér bauðst tækifæri á að mennta mig fyrir nám á háskólastigi samhliða vinnu á tiltölulega skömmum tíma. Þegar ég hóf nám hjá Keili hafði ég ekki verið í skóla í 15 ár. Námið hefur komið mér skemmtilega á óvart en það er kennt í lotum sem hentar mér afskaplega vel. Námið krefst mikillar vinnu og skipulagningar, námið er vinna og ef maður lýtur þannig á námið mun árangur nást. Konan mín er útskrifuð frá Háskólabrú Keilis, hún stundar nám í Háskóla Íslands og gengur vel. Ég mæli hiklaust með því að hefja nám við háskólabrú hjá Keili hvort sem um staðnám eða fjarnám er að ræða.“

Ari Gylfason, nemi í fjarnámi á Háskólabrú





Upplýsingar fyrir umsækjendur

Inntökuskilyrði eru misjöfn eftir deildum og námsbrautum. Inntökuskilyrðum er lýst í umfjöllun um hverja námsbraut á keilir.net. Afgreiðsla umsókna fer fram jafnóðum og umsóknir berast. Umsækjendur eru hvattir til að sækja um sem fyrst til að auka líkur á inntöku.

Umsóknarfrestur

Fyrri umsóknarfrestur um nám hjá Keili er til 5. maí, seinni umsóknarfrestur er til 5. júní.

Umsækjendur sem sækja um íbúð fá úthlutað íbúð þegar þeim hefur verið veitt skólavist. Úthlutun íbúða hefst 5. maí.

Umsóknareyðublöð

Hjá Keili er eingöngu tekið við rafrænum umsóknum bæði fyrir nám og stúdentaíbúðir. Sótt er um í gegnum vefsíðu keilis. Mikilvægt er að skila inn umbeðnum fylgigögnum því umsóknir eru ekki afgreiddar fyrir en öllum gögnum hefur verið skilað.

Umsókn þarf að fylgja:

- Afrit prófskírteina
- Starfsferilsskrá
- Stafræn mynd í góðri upplausn
- Persónulegt bréf

KEILIR.NET



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs